

Á milli undirritaðra aðila, **220 Fjarðar ehf., kt. 620615-1290**, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði (hér eftir „220 Fjörður“) og **Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579**, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði (hér eftir „bærinn“), er gert eftirfarandi;

**SKULDBINDANDI SAMKOMULAG UM FLUTNING Á BÓKASAFNI**  
**HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR INN Í FJÖRÐ VERSLUNARMÍÐSTÖÐ**

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að bærinn muni flytja bókasafn Hafnarfjarðar frá Strandgötu 1, 220 Hafnarfirði, þar sem það er til húsa í dag, inn í Fjörð verslunarmiðstöð.

Samkomulag þetta byggir á hugmyndum 220 Fjarðar að reisa nýbyggingu á lóð að Strandgötu 26-30, 220 Hafnarfirði sem verður allt að 6.000 m<sup>2</sup>. Um er að ræða byggingu sem mun tengjast við eldra húsnæði Fjarðar verslunarmiðstöðvar að Fjarðargötu 13-15 og verður hluti af verslunarmiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við bygginguna muni hefjast á tímabilinu 2021-2023. 220 Fjörður mun afhenda bænum húsnæðið á tímabilinu 2023-2026, tilbúið til innréttingar. Útfærslur á húsnæði skulu vinnast í samvinnu milli 220 Fjarðar og bæjarins.

Gert er ráð fyrir að bærinn muni leigja eða kaupa af 220 Firði á bilinu 1.200-1.500 m<sup>2</sup> sem 220 Fjörður mun úthluta bænum á 2. hæð verslunarmiðstöðvar að Fjarðargötu 13-15 220 Hafnarfirði og/eða í nýju húsnæði að Strandgötu 26-30, Hafnarfirði. Leiguverð/kaupverð skal taka mið af byggingarkostnaði nýbyggingar eða skal haft til hliðsjónar það gjald er Heilsugæsla Hafnarfjarðar greiðir fyrir leigu á um 1.000 m<sup>2</sup> húsnæði að Fjarðargötu 13-15. Áætlaður byggingarkostnaður er kr. 500.000,- pr. m<sup>2</sup>.

Aðilar samkomulags þess eru sammála um og staðfesta með undirritun sinni að samkomulagið er skuldbindandi fyrir báða aðila þess. Undirritun kaup-/leigusamnings milli, 220 Fjörður og bæjarins skal fara fram þegar breytt deiliskipulag hefur verið samþykkt, kostnaðaráætlun liggur fyrir og teikningar hafa verið samþykktar af byggingafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og aðilum samkomulags þessa.

Hafnarfirði, . nóvember 2020.

f.h. 220 Fjörður ehf.

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Guðmundur Bjarni Harðarson  
Framkvæmdastjóri 220 Fjarðar ehf.

Rósa Guðbjartsdóttir,  
Bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Vottar staðfesta rétta undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Nafn.

Kt.

Nafn.

Kt.